

Mánudaginn 2. júlí 2007 er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) kærumálið nr. 4/2007

## Handknattleiksdeild ÍR

gegn

HSÍ

og uppkveðinn svofelldur

### **DÓMUR:**

Mál þetta var þingfest þann 29.06.07 kl. 12:30 og dómtekið sama dag. Mál þetta var höfðað með kæru sem dags. er 1. júní 2007, og móttekin þann sama dag af HSÍ. Lögmaður ÍR í málinu er Daníel Isebarn Ágústsson hdl., lögmaður HSÍ er Davíð Gíslason hdl, og fluttu þeir málið fyrir hönd umbjóðanda sinna.

Framlögð gögn eru eftirtalin:

- nr. 1 Kæra ÍR dags. 01.06.07.
- nr. 2 Tilkynning frá mótanefnd HSÍ.
- nr. 3 Tölvupóstur sendur frá HSÍ þann 31.05.07 kl. 16:55.
- nr. 4 Greinargerð HSÍ.
- nr. 5 Yfirlit yfir þáttökutilkynningar vegna móta HSÍ 2006-2007.
- nr. 6 Þingskjal nr. 8, lagt fram á árþingi HSÍ 18. apríl 2007.

Undirritaður dómari fékk málinu úthlutað þann 11. júní 2007. Dómstóll HSÍ taldi málið hæft til efnismeðferðar.

Dómari sendi HSÍ tölvupóst þann 13. júní 2007 og skoraði á HSÍ að halda uppi vörnum í málinu. Óskaði HSÍ eftir fresti til framlagningar greinargerðar fram yfir 17. júní, þar sem miklar annir væru hjá HSÍ vegna landsleiks Íslands gegn Serbíu þann 17. júní 2007. Var frestur þessi veittur.

Davíð Gíslason hdl. skilaði greinargerð fyrir hönd HSÍ þann 19.06 2007.

Dómari tilkynni aðilum að málið yrði þingfest þann 29.06.07, og að fyrirhugað væri að flytja málið í framhaldinu, ef aðilar væru því samþykkir.

Við þingfestingu málsins féll lögmaður HSÍ frá frávísunarkröfu sinni í málinu, og samþykkti dómari að kröfur sem HSÍ gerði eru um frávísun í greinargerð yrðu teknar upp undir efnisþátt málsins. Samþykkti lögmaður ÍR þetta. Málið var því flutt í heild sinni í dag.

Engar skýrslutökur fóru fram.

Kröfugerð: Krafa ÍR er þess efnis að B-liðum verði ekki leyft að taka þátt í Íslandsmóti í handknattleik, meistarflokki karla, A-liða, tímabilið 2007-2008.

Málsatvik og rökstuðningur aðila.

Lögmaður ÍR gerði grein fyrir sjónarmiði umbjóðanda síns sem telur að með sérstakri aðgreiningu í lögum HSÍ um A og B lið, sé ljóst að sérstakt mót eigi að halda fyrir A lið og sérstakt mót fyrir B lið. Vísaði lögmaður ÍR til ýmissa ákvæða í reglum HSÍ sem fjölluðu um B liða keppni, og sérákvæði sem um þá keppni gilda.

Vísaði ÍR m.a. til greinar 2.1.6 um handknattleiksmót sem skilgreinir hvaða leikmenn megi taka þátt í B-liði hvers félags.

Greindi lögmaður ÍR frá þeim flækjum sem hugsanlega gætu komið uppá, ef HSÍ myndi leyfa liðum að senda fleiri en 2 lið til keppni Íslandsmóti.

Lögmaður ÍR mótmælti rökstuðningi HSÍ sem fram kom í greinargerð þess efnis að mál þetta ætti ekki undir dómstól HSÍ, þar sem ljóst væri að fyrirkomulag Íslandsmótsins, eins og HSÍ hefði ákveðið, með því að heimila fleiri liðum en einu frá hverju félagi að taka þátt í Íslandsmóti mfl. karla, bryti gegn hagsmunum ÍR. ÍR hafi skráð lið til þátttöku í Íslandsmóti mfl. karla, á þeim grunni sem ÍR telur að mótið eigi að vera útfrá reglum HSÍ, en þar sem HSÍ virðist ætla að útvíkka lög HSÍ verulega, telur ÍR að hagsmunir séu brotinir á félaginu.

Lögmaður HSÍ taldi vafa leika á því að málið væri dómtækt fyrir dómstóli HSÍ, og að HSÍ geti verið aðili að málinu. Vísaði hann m.a. til þess að ekkert B lið sé skráð til þátttöku í mfl. karla tímabilið 2007-2008. Taldi lögmaður HSÍ að efni kæru ÍR ætti frekar undir ársþing HSÍ en dómstól HSÍ.

Þá væri 24 stunda kærufrestur löngu liðinn þar sem lið hefði verið sent til leiks á Íslandsmóti 2006-2007, án þess að það mál hefði verið kært. Lögmaður ÍR mótmælti þessi og taldi að þegar Íslandsmót 2007-2008 hefði verið tilkynnt hefði nýr kærufrestur byrjað að líða.

Þá vísaði lögmaður HSÍ til þess að ekkert í lögum HSÍ bannaði sérstaklega að hægt væri að senda lið til keppni undir sömu nöfnum og félagsliðin bera, en auðkenna þau undir liði 1, 2 osfrv.

Ítrekaði lögmaður HSÍ að málið ætti ekki undir dómstól HSÍ þar sem kærandi væri að fara fram á bann á atriði sem ekki væri til staðar, þ.e. að engin B lið væru skráð til leiks á Íslandsmóti mfl. karla 2007-2008.

Niðurstaða:

Dómstóll HSÍ mat kæru ÍR dómhæfa og úthlutaði dómsformaður undirrituðum dómara málið til meðferðar.

Álitaefni það sem borið hefur verið undir dómstól HSÍ er skv. kæru ÍR krafa þess efnis að B liðum verði ekki leyft að taka þátt í Íslandsmóti í handknattleik mfl. karla, A-liða, tímabilið 2007-2008.

Ljóst er að engin lið tilkynntu lið til B-liða keppni mfl. karla tímabilið 2007-2008.

Hefur sérstök B-liða keppni ekki verið haldin á vegum HSÍ um áraraðir.

Af málflutningi lögmanns ÍR mátti skilja að þáttökuutilkynningar sem sendar voru til HSÍ fyrir árið 2007-2008, þar sem félög sendu fleiri en 1 lið til keppni, og aðgreindu þau sem lið 1, 2 og 3, jafngiltu því að verið væri að tilkynna lið til þáttöku í B-liða keppni. Þ.e. að þessi lið sem tilkynnt væru sem lið 2 og 3 frá liðum, ættu heima í hinni sérstöku B-liða keppni, en ekki í A-liða keppni Íslandsmótsins.

Þess bera að geta að ÍR tilkynnti tvö lið til keppni á Íslandsmóti mfl. karla 2007-2008, þ.e. ÍR og ÍR 2. Ekki kom fram í málfutningi hvort lið sem skráð er hjá HSÍ sem ÍR 2 hafi verið skráð sérstaklega til B-liða keppni.

Ljóst er að í reglum HSÍ er gert ráð fyrir sérstakri B-liða keppni, og tilgreint í reglum HSÍ hvaða leikmenn eru löglegir í B-liði hafi þeir spilað með A liði viðkomandi félags.

Á keppnistímabilinu 2006-2007 sendi lið Hauka í Hafnarfirði tvö lið til leiks á Íslandsmóti mfl. karla. Komu ekki fram athugasemdir annara liða við þá framkvæmd sem viðhöfð var tímabilið 2006-2007 hvað þetta varðaði.

Þeir leikmenn sem spiluðu með Haukum 2 gengu frá formlegum leikmannaskiptum úr liði Hauka yfir í lið Hauka 2.

Er það niðurstaða dómara að ekkert sér því til fyrirstöðu að tilkynnt séu til leiks lið á Íslandsmótum þó nöfn þeirra séu t.d. Haukar eða Haukar 2, ef gengið er löglega frá félagsskiptum leikmanna skv. reglum HSÍ um félagsskipti. Lið Hauka 2 gæti heitið hvaða nafni sem er í raun, en ekki er óeðlilegt að tengja heitið við þann grunn sem félagið byggir á. Leikmaður sem spilaði með Haukum getur þá skipt yfir í lið Hauka 2, eða hvaða það annað lið sem hann óskar, gangi hann frá formlegum félagsskiptum. Því skipti ekki máli hvað lið sem sent er til leiks í Íslandsmóti heiti, sé reglna um félagsskipti gætt.

Ekkert er til fyrirstöðu að lið t.d. Hauka 2 sendi lið til B keppni skv. reglugerðum HSÍ, enda er þá um sérstaka keppni að ræða, og gilda þá reglur HSÍ hvaða leikmenn séu leikhæfir í liði Hauka 2 B-liði, hverju sinni.

Er það því niðurstaða dómara að heiti félags geti ekki ráðið úrslitum þegar félag er tilkynnt til leiks í Íslandsmóti mfl. karla, sé annarra reglna HSÍ gætt.

Ljóst er aftur á móti að nauðsynlegt er að setja fyllri reglur um þáttöku liða undir slíkum nöfnum, t.d. hvort lið sem sent er til leiks sem lið 2 geti unnið rétt til þáttöku í efstu deild Íslandsmóts.

Þegar HSÍ lagði fram greinargerð sína í málinu, var lagt fram þingskjal nr. 8, sem samþykkt var á ársþingi HSÍ þann 18. apríl 2007. Um er að ræða nýja greina, grein 4.2.1.9. Skjal þetta var ekki lagt fram af kæranda máls þessa, sem við munnlegan flutning málsins virtist ekki kunnugt um samþykkt þessa. Skv. þingskjalinu virðist sem samþykkt hafi verið á árþingi HSÍ, sú grundvallarbreyting, að ellefu leikjahæstu leikmenn félags með liði 1 á hverjum tíma, hafi ekki heimild til að leika með liði 2 frá sama félagi. Er ekki hægt að skilja skjalið öðruvísi en að félagsskipti milli liða sem send eru til leiks á Íslandsmóti undir heitum félags 1 og félags 2, séu ekki lengur þörf, og að allir skráðir leikmenn í hvert lið, séu gjaldgengir í lið 1 eða 2, eftir leikjafjölda.

Grein þessi, grein 4.2.1.9, telur dómari að geti ekki staðist.

Eðlismunur sé á því að leikmaður tilkynni félagsskipti yfir í t.d. lið Hauka 2, eða að hann sé leikhæfur í liði Hauka 2 eingöngu á grundvelli þess hve marga leiki hann hefur spilað með liði Hauka 1, og geti þannig á milli leikja verið leikhæfur með liði 1, en í næsta deildarleik verið leikhæfur með liði 2, án þess að tilkynna félagsskipti.

Þessi framkvæmd getur ekki staðist, og er ekki í samræmi við reglur HSÍ um félagsskipti. Ekki hefur reynt á atvik sem snertir þessa nýsamþykktu grein (grein 4.2.1.9) sem samþykkt var á ársþingi HSÍ. Dómari telur dómstólinn ekki hæfan að ógilda greinina, en telur ljóst að verði ákvæða í reglum HSÍ um félagsskipti ekki gætt þegar leikmenn eru skráðir til leiks í lið merkt 1 eða 2 undir heiti sama félags, þá séu leikmenn sem spila á milli félaga með vísan til greinar 4.2.1.9, ólöglegir.

Í ljósi kröfugerðar ÍR í málinu nr. 4/2007 er kröfu félagsins hafnað.

**DÓMSORÐ:**

Krafa ÍR þess efnis að B-liðum verði ekki leyft að taka þátt á Íslandsmóti í handknattleik, meistaraflokki karla, A-liða, tímabilið 2007 - 2008 er hafnað þar sem engin B-lið hafa verið tilkynnt til leiks.

---

Smári Hilmarsson